



Alþingi
Erindi nr. P 131/925
komudagur 2.3.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum, 47. mál sem lagt hefur verið fram á 131. löggjafarþingi 2004 - 2005, nánar tiltekið þingskjal 47.

Í greinargerð kemur fram að frumvarp þetta, ásamt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, sem lagt er fram samhliða þessu, miði að því að taka á alvarlegustu ágöllum í núgildandi lögum um útlendinga og réttindi þeirra.

Útlendingar gegna veigamiklu hlutverki í íslensku menningar- og efnahagslífi en þó íslenskt atvinnulíf hafi ríka þörf fyrir starfskrafta útlendinga eru þeir ekki virtir að verðleikum í íslenskri löggjöf sem setur þeim afar þröngar skorður til dvalar og atvinnu.

Núgildandi lög um atvinnuréttindi kveða á um veitingu tímabundins atvinnuleyfis til atvinnurekenda til að ráða útlendinga til starfa. Vinnuveitandi hefur öll tromp á hendi, komi til starfsloka útlending án samþykkis hans, á starfsmaðurinn brottvisun á hættu. Valdaójafnvægi þetta leiðir til að útlendingar geta neyðst til að sætta sig við brot á kjarasamningum, bæði hvað varðar laun og önnur starfskjör. Mannréttindaskrifstofan þekkir einnig dæmi þess að vinnuveitandi telji starfsmanni trú um að tilskilin leyfi séu fyrir hendi en síðar kemur í ljós að svo er ekki og útlendingurinn, en ekki vinnuveitandinn, geldur fyrir.

Fyrirliggjandi frumvarp miðar m.a. að því að einstaklingnum en ekki atvinnurekanda verði veitt tímabundið atvinnuleyfi og að útlendingi verði jafnframt unnt að ráða sig til starfa á öðrum vinnustað, innan tilskilins tíma, komi til starfsloka. Mannréttindaskrifstofan telur að nái frumvarpið fram að ganga muni staða erlendra starfsmanna breytast til hins betra og að komið verði í veg fyrir að vinnuveitendur geti misnotað aðstöðu sína, eins og nú tíðkast, í krafti atvinnuleyfisins.

Fyrirliggjandi frumvarp miðar einnig að því að komið verði til móts við erlendar konur er fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar og orðið að þola ofbeldi á af hendi maka. Við þessar aðstæður telur Mannréttindaskrifstofan eðlilegt að víkja megi frá almennum skilyrðum fyrir veitingu ótímabundins atvinnuleyfis og að konum sem svo er ástatt um sé veitt dvalarleyfi og að tryggja megi þeim framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði með félagslegri aðstoð eða öðrum fullnægjandi hætti. Vísast hér til umsagnar skrifstofunnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96/2002, með síðari breytingum, þingskjal 48, frá 1. mars 2005.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur farið yfir frumvarpið og ekki verður séð að ákvæði þess fari á neinn hátt í bága við mannréttindalög, hvorki ákvæði íslenskra laga né alþjóðalaga; þvert á móti miðar það að því auka réttindi útlendinga. Mannréttindaskrifstofa Íslands fagnar því efni frumvarpsins og lætur í ljós þá von að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,
f. h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Reykjavík, 1. mars 2005.

Guðrún D. Guðmundsdóttir, frkv.stj.